

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs
27. fundur
haldinn að Lyngási, 1. febrúar 2010

Mættir: Skúli Björn Gunnarsson, Björn Ármann Ólafsson, Magnhildur Björnsdóttir og Þórhallur Þorsteinsson. Jafnframt sátu fundinn Elín Bergsdóttir, staðgengill þjóðgarðsvarðar, og Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs. Eiríkur og Skarphéðinn fjarverandi.

Gestir fundarins: Guðrún Jónsdóttir frá Náttúrustofu Austurlands sat einnig fundinn vegna verndaráætlunargerðar.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun
2. Gestastofan - nafn og fleira
3. Íbúafundur
4. Verndaráætlun
5. Önnur mál

Björn Ármann stýrði fundi í fjarveru formanns og setti hann kl. 20.05. Gengið var til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun

Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun sem send hafði verið á svæðisráðið fyrir fundinn. Rekstraráætlunin gerir ráð fyrir rúmum 33 m.kr. í gjöld sem er töluverð hækkun frá fyrra ári en skýrist fyrst og fremst að því að rekstur gestastofunnar mun koma inn á árinu auk þess sem annar heilsársstarfsmaður bættist við seint á síðasta ári. Svæðisráð gerði ekki athugasemdir við áætlunina.

2. Gestastofan - nafn og fleira

Framkvæmdastjóri fór yfir framkvæmdaáætlun vegna þjóðgarðsins og sérstaklega það sem lýtur að austursvæði. Gert er ráð fyrir að ljúka framkvæmdum við gestastofuna úti og inni í sumar og opna hana í júní. Svæðisráð leggur áherslu á að gengið verði frá húsinu jafnt úti sem inni og bílastæði, pallar og annað í umhverfi verði klárað fyrir opnun. Ekki liggur fyrir svar frá Vegagerðinni um heimreiðina og kanna þarf það mál.

Rætt var um nafn á gestastofuna. Samþykkt að auglýsa eftir tillögum um nafn á gestastofuna og Elínu falið að ganga frá henni og koma á fjölmiðla í vikunni. Veittur verður frestur til 24. febrúar til að skila inn tillögum.

3. Íbúafundur

Elín lagði fram drög að dagskrá fyrir íbúafund með náttúruvernd sem tema. Gert er ráð fyrir að halda hann einhvern laugardag í febrúar og búið að ræða við nokkurra fyrirlesara. Svæðisráð lagði blessun sína yfir dagskrána en mæltist til þess að dagskrá yrði þannig sett upp að góðar umræður myndu skapast, jafnvel í minni umræðuhópum.

4. Verndaráætlun

Guðrún gerði grein fyrir vinnu við verndaráætlun sem miðar ágætlega. Svæðisráðsmenn og fleiri hafa verið að skila athugasemdum við fyrstu drög.

Umræður spunnust um vegamál og hverjir eru veghaldarar á vegum innan þjóðgarðsins. Svæðisráð beinir því til stjórnar þjóðgarðsins að gengið verði í það að koma á hreint hver beri ábyrgð á vegum og slóðum innan þjóðgarðsins og hafnar viðræður við Vegagerð ríkisins um það.

Rætt var um veiðar á Snæfellssvæðinu. Svæðisráð er sammála um alfriðun á rjúpu en menn greinir á um hvort stýra eigi gæsaveiðum eða banna þær alfarið. Allir sammála um að hreindýraveiðar og refaveiðar verði áfram heimilar innan þjóðgarðsmarka. Enn nokkur tími til stefnu til að ná niðurstöðu og skoða leiðir.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 22.05.

Skúli Björn Gunnarsson
ritaði fundargerð

Björn Ármann Ólafsson

Pórhallur Þorsteinsson

Magnhildur Björnsdóttir